

2. Sekt fyrir óleyfileg vör. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefir greitt 2 kr. gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar. 123
1. nóv.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og skal verðlag á rafmagni samkvæmt gjaldskránni gilda um notkun á rafmagni eftir aflestur mæla um mánaðamótin október—nóvember 1937.

Birtist gjaldskráin til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og fellur jafnframt úr gildi gjaldskrá um sama efni frá 24. september 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. nóvember 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

124

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá 2. apríl 1928. 19. nóv.

6. liður 2. gr. breytist þannig, að í stað orðanna „að Bergstöðum“ komi: að Hvammi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir gert samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

125

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár. 27. nóv.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélag Úlfarsár. Heimili þess og varnarþing er á Blikastöðum í Mosfellssveit.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði í Úlfarsá (Korpúlfsstaðaá) og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak, eða setja seiði í hana,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega, á einum stað eða fleiri, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Úlfarsá, Hafravatni og Seljadalsá upp að Fossi. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga